



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Könnun um líðan
- Gjafir til bókasafnsins
- Fyrsti fundur skólaráðs
- Stærðfræði fyrir forráðamenn
- Sýnum tillitssemi
- Morgunstundir
- Saga um framfærissmi

## GÓÐI segir:



Ég lét vita ef ég verð vitni að því að skólasystkinum mínum er strítt. Það á öllum að líða vel í skólanum mínum.

## Velliðan í skóla tengist velferð

### Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Þau almennu uppeldislegu markmið sem ákvæði eru um í grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og reglugerð um skólareglur, undirstrika að samskipti nemenda skulu helgast af virðingu fyrir skólafélögum, samábyrgð, umhyggju og ábyrgri hegðun. Skólanum ber að styrkja þennan þátt í skólastarfinu og skapa skólabrag sem helgast af þessum þáttum.

Velliðan í skóla ýtir undir námsárangur, styrkir sjálfsmýnd nemandans og eflir félagsþroska hans. Lífsleikni nemenda skiptir máli fyrir velgengni þeirra í skólasamfélaginu og starfi þeirra í þjóðfélaginu síðar á lífsleiðinni.

Nú nýverið var könnun um líðan lögð fyrir nemendur Áslandsskóla. Könnun þessi er algerlega heimatilbúin af starfsfólki

Áslandsskóla og er lögð fyrir tvívegis á skólaárinu, í október og febrúar.

Hver umsjónarkennari leggur könnunina fyrir í sínum bekk og vinnur úr niðurstöðum. Námsráðgjafi skólans fær síðan niðurstöður, þær eru ræddar í nemendaverndarráði og aðgerðaráætlun hrundið af stað.

Helstu niðurstöður eru kynntar í Flórgoðanum auk þess sem fjallað er um þær í skólaráði og á starfsmannafundum. Könnun um líðan er geysilega mikilvægt sjálfsmatstæki fyrir skólalífið í Áslandsskóla. Það er öllum hollt að rýna til gagns svo að góður skóli verði enn betri.

Í síðasta mánuði var fyrsti fundur nýskipaðs skólaráðs Áslandsskóla. Skólaráð er stjórnæki sem tekur við af foreldra-

og kennararáði skóla og er nýtt ráð skv. grunnskólalögum. Í skólaráði sitja fulltrúar kennara, annars starfsfólks, forráðamanna og nemenda ásamt stjórnendum. Fyrsti fundur ráðsins lofar góðu um framhaldið og hægt er að skoða hlutverk ráðsins á vef skólans.

Á næstunni mun skólinn efna til námskeiðahalds í stærðfræði fyrir forráðamenn. Ástæðan er aðallega sú að sífellt koma til sögunnar nýjar aðferðir, nýtt námsefni og nýjar áherslur í stærðfræðikennslu. Ánægjulegt er hversu jákvæð viðbrögð námskeiðsauglýsingar hafa fengið og væntum við góðrar þátttöku.

Góðar stundir  
**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri Áslandsskóla

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublöð má einnig finna á vefsetri skólans [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

# Febrúarkönnun um líðan

## Helstu niðurstöður, 1.-3. bekkur

92% nemenda líður vel eða allt í lagi í frímínútum  
 91% líður vel eða allt í lagi í kennslustundum  
 94% nemenda líður vel eða allt í lagi í íþróttum  
 91% nemenda líður vel í sundi og 7% allt í lagi  
 65% nemenda líður vel í búningsklefa íþróttu, 26% allt í lagi, 9% illa  
 78% líður vel búningsklefa í sundi, 17% allt í lagi og 5% illa

## Helstu niðurstöður, 4.-6. bekkur

80% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 18% stundum  
 53% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 33% finnst oft gaman  
 50% líður alltaf vel í bekknum sínum, 39% oft, 10% stundum  
 64% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 32% stundum  
 93% segja kennarinn sinn alltaf eða oft sanngjarnan  
 82% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti  
 91% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum  
 79% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 20% stundum  
 73% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

### Hvar fer stríðni fram?

14% segja alltaf eða oft í frímínútum  
 Annars er hæsta prósentan við stríðnistaði hjá sms sendingum, blogg síðum (facebook) og æfingum íþróttafélaga.

## Helstu niðurstöður, 7.-10. bekkur

75% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 21% stundum  
 42% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 46% finnst oft gaman  
 52% líður alltaf vel í bekknum sínum, 37% oft, 8% stundum  
 73% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 26% stundum  
 92% segja kennarinn sinn alltaf eða oft sanngjarnan  
 83% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti  
 71% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum  
 70% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 30% stundum  
 55% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

### Hvar fer stríðni fram?

33% segja alltaf eða oft í frímínútum  
 Annars er hæsta prósentan við stríðnistaði hjá msn samskiptanetinu  
 61% alltaf, sms sendingum 67% alltaf, blogg síðum (facebook) 90% alltaf og æfingum íþróttafélaga 67% alltaf.



## Morgunstundir Kíkið við !

Á skólaárinu hafa verið margar frábærar morgunstundir.

Margir foreldrar, afar og ömmur hafa litið við og tekið þátt.

**Yngri deild** er með morgunstund á föstudögum.

**Miðdeild** er með morgunstund á fimmtudögum.

**Unglingadeild** er með morgunstund á miðvikudögum.

Allar morgunstundir hefjast um kl. 8:10.

Forráðamenn eru hvattir til að kíkja við eigi þeir þess kost, jafnvel þegar aðrir bekkir en börn þeirra eru í hafa umsjón með slíkum stundum.

## Fyrsti fundur skólaráðs Áslandsskóla

Fyrsti fundur skólaráðs Áslandsskóla var á dögnum.

Skólaráð var sett á fót og kemur í stað kennararáðs og foreldraráðs.

Auk fulltrúa frá starfsmönnum og forráðamönnum eiga nemendur setu í ráðinu og er það ánæguleg nýjung.

Hægt er að lesa fundargerð fyrsta fundar ráðsins undir tenglinum **foreldrar** á vefsetri skólans.

## Rattleikur 1. des Jólaskraut 4. des

**Mánudaginn 1. desember** er sveigjanlegt skólastarf en þá fer fram fullveldisrattleikur Áslandsskóla.

Skólastarf er frá 8:10-12:10 þann daginn og opnar heilsdagsskólinn fyrir þá sem þar eiga dvöl strax kl. 12:10.

**Föstudaginn 4. desember** er hefðbundinn skóladagur en engu að síður ætlum við að nýta hluta dagsins til að klæða skólann í jólaötin.

Gott væri ef nemendur hefðu meðferðis "græjur" og efni til föndurs.

## Stærðfræðinámskeið fyrir forráðamenn

Fyrirhugað er að halda stærðfræðinámskeið fyrir forráðamenn nemenda í 1. – 4. bekk annars vegar og forráðamenn nemenda í 5.- 7.bekk hins vegar, ef næg þátttaka fæst. Á námskeiðunum verður farið stuttlega í stærðfræðihluta Aðalnámskrá grunnskóla og kynntar þær áherslur sem þar koma fram. Síðan verður kynning og kennsla á þeim aðferðum og leiðum sem nemendur læra í skólanum. Í kaffihléinu gefst tækifæri til að skoða bækur og önnur kennslugögn í stærðfræði, vinna nokkur verkefni og að lokum verður fyrirspurnum svarað.

Verð er 1000 kr., á fjölskyldu. Einungis er greitt eitt gjald fyrir hvert námskeið þó fleiri en einn forráðamaður mæti frá viðkomandi nemanda.

1.- 4.bekkur, þriðjudaginn 10. nóvember. kl.17:30 – 19:30

Kennarar: Rósa Lyng Svavarsdóttir fagstjóri í stærðfræði, Elín Þórarinsdóttir og Steinunn Jenný Skúladóttir.

5. – 7.bekkur, fimmtudaginn 12. nóvember kl. 17:30 – 19:30

Kennarar: Rósa Lyng Svavarsdóttir fagstjóri í stærðfræði, Halldóra Lára Benónýsdóttir

## Sýnum tillitssemi

Mikil umferð er í kringum skólann árla dags þegar um 500 nemendur og kringum 70 starfsmenn leggja leið sína í Áslandsskóla. Því miður hefur þó nokkuð borið á því að gangbrautir eru ekki virtar, þ.e.a.s. að bílstjórar stöðva ekki bifreið sína til að hleypa gangandi vegfarendum yfir. Jafnvel hefur komið fyrir að það þurfi fullorðinn einstakling til að ganga aðeins út á götuna til að fá bíla til að stöðva. Þá getum við líka gert betur þegar nemendum er hleypt út fyrir framan skólann, jafnvel eru dæmi um að stöðvað sé á miðri gangbraut.

Einnig skal minnt á að skólabíllinn á ákveðið bílastæði fyrir framan skólann.

Þetta er mál sem fullorðna fólkíð leysir með því að sýna tillitssemi og gott fordæmi í umferðinni.



## Góðar gjafir til bókasafns skólans

Íbúar hverfisins hafa frá upphafi stutt bókasafn skólans með góðum bókaöfnum.

Allar þessar gjafir auðvelda okkur að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra nær 600 einstaklinga sem starfa hér í húsinu.

Upp á síðkastið hafa safninu borist bækur sem foreldrar hafa rekist á, bækur sem þeir telja geta hjálpað nemendum skólans, þegar þeir takast á við áhyggjur og erfiðleika sem herja á unga jafnt sem gamla.

Við þökkum innilega hlýjan hug og aðstoð við uppbyggingu bókasafnsins.

## Saga um framtakssemi

### Ástgeir sýnir framtakssemi

Einu sinni var strákur sem var mjög latur. Einn daginn sagði mamma hans, vltu koma með í hjólatúr? Þá sagði Siggí, hinn lati, nei ég nenni því alls ekki.

En í næsta húsi var strákur sem var ekki latur. Þá sagði mamma Siggá, þá spyr ég bara Ástgeir hinn ólata. Hann Ástgeir sagði alltaf já við öllu.

Siggí var orðinn afbrýðisamur út í Ástgeir. Þegar mamma hans kom heim vildi hann hjálpa mömmu sinni við allt. Þá vildi mamma Siggá að hann skúri gólfið og hann gerði það strax, að skúra.

Mamma hans var ánægð með hvað sonur hennar var að sýna mikla framtakssemi. En svo skipaði hann Ástgeiri að gera það, þá sýndi Ástgeir framtakssemi.

Ástgeir Egilsson, 2. HS Ásheimum

## Frá foreldrafélagi Áslandsskóla

*Tilgangur Foreldrafélags Áslandsskóla er að efla foreldrasamstarf, vera sameiginlegur vettvangur samskipta og efla tengsl foreldra. Við trúum því að með virkri þátttöku foreldra verði frammistaða nemenda betri, sjálfstraust þeirra meira og viðhorf jákvæðara.*

## Félagsgjöld

Foreldrafélag Áslandsskóla sendi foreldrum greiðsluseðil vegna félagsgjalda um síðustu mánaðarmót svo endilega gerið ráð fyrir félagsgjöldum Foreldrafélagsins í heimilisbókhaldinu á næstunni. Við vonumst eftir sömu heimtum og á síðasta ári sem voru mjög góðar og þökkum við enn og aftur fyrir.

Stjórn Foreldrafélagsins.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

***www.aslandsskoli.is***

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri